

Umsögn Snarróttarinnar – samtaka um borgaraleg réttindi um:

Þingskjal 1099 — 638. mál 144. löggjafarþing 2014–2015, tillögu til þingsályktunar um sjálfstætt eftirlit með starfsemi og starfsháttum lögreglu.

Snarróttin – samtök um borgaraleg réttindi fagnar þingsályktunartillögunni og telur afar brýnt að sjálfstætt, ytra eftirlit með störfum lögreglunnar verði stofnsett hið fyrsta. Snarróttin leggur til að þrjár staflíðir bætist við upptalningu á hlutverki eftirlitsins og verði það sem hér segir:

- a. að hefja athugun að eigin frumkvæði,
- b. að taka við kærnum einstaklinga sem telja lögreglu hafa brotið á réttindum sínum,
- c. að rannsaka meint brot lögreglumanna í starfi,
- d. að rannsaka tilkynningar innan úr lögreglulíðum um einelti og kynferðislega áreitni,
- e. að rannsaka upplýsingar frá nafnlausum afhjúpendum innan lögreglu eða stjórnarsýslu.
- f. að rannsaka öll tilvik þar sem skotvopn lögreglunnar eru hreyfð við löggæsluáðgerðir.
- g. að yfirfara málavexti í dómsmálum er varða „brot gegn valdstjórninni“.
- h. að yfirfara úrskurði um símhleranir og rafrænt eftirlit með borgurunum

Snarróttin telur mikilvægt að fylgjast með þróun löggæsluáðferða á Íslandi, ekki síst í ljósi nýlegra fréttanna af ásókn valdstjórnarinnar í öflugri skotvopn, forvirkar rannsóknarheimildir og eigin ósnertanleika. Staflíðir f.-h. lúta að eftirliti með starfsháttum lögreglunnar þótt ekki sé grunur um brot í starfi. Það er áhyggjuefni, svo dæmi sé tekið, að vopnaðri sérsveit ríkislögreglustjóra er beitt jafn oft og sambærilegum vopnuðum sveitum í Bandaríkjunum, að teknu tilliti til fólksfjölda. Er þó Ísland glæplaust land að kalla í samanburði við Bandaríkin.

F.h. Snarróttarinnar – samtaka um borgaraleg réttindi

Pétur Þorsteinnsson
Kópaskeri